

Púsluspil foreldranna

Morgunverðarfundur VR - 23. nóvember kl. 9:00



VR

Dagskrá

Setning – Halla Gunnarsdóttir setur fundinn

Tekjuskerðing foreldra

Fæðingarorlof, umönnunarbíl og skerðing á leikskólastarfi.
Victor Karl Magnússon, sérfræðingur hjá VR.

Tökum nú næstu hálfu öld í nýjum takti og í liði með börnum

Orðræðugreining á fjölmiðlaumfjöllun um leikskóla
Sunna Kristín Símonardóttir, nýdoktor í félagsfræði við Háskóla Íslands

Hvernig gengur?

Að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf
Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins

Pallborð – Halla Gunnarsdóttir stýrir

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Arnaldur Grétarsson, faðir
Maj-Britt Hjördís Briem, lögmaður á vinnumarkaðssviði Samtaka atvinnulífsins
Sigurður Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda leikskóla

Fundi lýkur

The VR logo consists of the letters 'VR' in a white, bold, sans-serif font, centered within a dark blue square. The background of the slide features a close-up, slightly out-of-focus image of a grey, textured fabric, likely a sofa or chair, on the right side.

Tekjuskerðing foreldra

Fæðingarorlof, umönnunarbíl og skerðing á leikskólastarfi

Victor Karl Magnússon
Sérfræðingur hjá VR



VR

Erfið staða hjá foreldrum

- Staðan hjá foreldrum ungra barna er erfið á Íslandi.
- Stýrivaxtahækkunir leggjast þungt á heimilin, sérstaklega hjá þeim sem hafa nýlega keypt húsnæði og skulda því mest.
- Staða leigjenda er ekki heldur góð.
- Þá er ótalinn sá kostnaður sem felst í hækkun leikskólagjalda og **tekjutapi foreldra** í fæðingarorlofi og umönnunarbili.
- Samkvæmt nýlegri greiningu VR hleypur tekjuskerðing foreldra á þessu tímabili á milljónum króna.

Þrjár spurningar

- 1) Hver er **kostnaður foreldra**, frá því að barn fæðist og þar til grunnskólaganga hefst?
- 2) Hvaða **afleiðingar** hefur þessi erfiða staða til langs tíma?
- 3) Hvað getum við gert til þess að **bregðast við** þeim vanda sem blasir við foreldrum á Íslandi?

Tekjuskerðing foreldra

Til að leggja mat á kostnað foreldra frá fæðingu barns og þar til grunnskóli hefst er gagnlegt að skipta tímabilinu í þrennt:

- Í **fæðingarorlofi** fá foreldrar 80% af heildarlaunum sínum en að hámarki 600 þúsund krónur á mánuði, fyrir skatt.
- Á tímabilinu frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn kemst inn á leikskóla, **umönnunarbilinu**, þurfa foreldrar oft að lækka starfshlutfall sitt tímabundið enda ekki alls staðar hægt að komast að hjá dagforeldrum.
- Á **leikskólaárunum** þurfa foreldrar að greiða skólagjöld sem hafa víða hækkað verulega. Eins eiga margir foreldrar lítinn orlofsrétt í kjölfar umönnunarbils og þurfa því reglulega að taka sér launalaust leyfi þegar leikskólinn er lokaður.

- Ímyndum okkur hjón í Kópavogi sem eru bæði með laun venjulegs VR félaga – 768 þúsund krónur á mánuði fyrir skatt.
- Fæðingarorlof þessara hjóna eru 12 mánuðir og í kjölfar tekur við umönnunarbíl, sem er að meðaltali 5,5 mánuðir samkvæmt nýlegri skýrslu BSRB.
- Hjónin eru óheppin að því leyti að þau fá ekki pláss hjá dagforeldri en heppin að því leyti að foreldrar þeirra geta séð um barnabörnin tvo daga í viku á meðan beðið er eftir leikskólaplássi.
- Hver er kostnaður þessara foreldra við að koma tveimur börnum í grunnskóla?

Dæmi – frh.

- Laun beggja foreldra í þessu dæmi eru yfir hámarki fæðingarorlofssjóðs og þau fá því innan við 80% af launum sínum í fæðingarorlofi, um 430 þúsund útborgað í stað 530 þúsund.
- Óháð því hvernig fæðingarorlofinu er skipt munu tekjur heimilisins því skerðast um tæplega 100 þúsund krónur á mánuði, í tólf mánuði. Þetta nemur launatapi upp á tæplega **1,2 milljónum króna (eftir skatt)**.
- Þegar umönnunarbilið tekur við geta foreldrarnir fengið ókeypis pössun tvo daga í viku en lækka bæði starfshlutfallið sitt til þess að dekkja hina þrjá dagana – t.d. gæti annað þeirra farið í 80% starf en hitt í 60% starf.
- Sé miðað við meðallengd umönnunarþils skerðast því útborgaðar tekjur heimilisins um 270 þúsund krónur á mánuði í 5,5 mánuði. Þetta nemur tekjuskerðingu upp á tæplega **1,5 milljónum króna (eftir skatt)**.
- Þegar barnið fær loks leikskólapláss hafa því foreldrarnir í þessu dæmi orðið fyrir tekjuskerðingu sem nemur **2,7 milljónum króna (eftir skatt)**.

Dæmi – frh.

- Tekjuskerðing foreldra margfaldast auðvitað með fjölda barna. Miðað við uppgefnar forsendur gæti nettó launatap foreldra samsvarað rúmlega **5 milljónum**, við að koma **tveimur börnum** í leikskóla.
- Í Kópavogi hafa leikskólagjöld hækkað verulega fyrir vistun barna umfram sex tíma.
- Leikskólagjöld í Kópavogi, miðað við átta tíma vistun, eru rúmlega **600 þúsund krónur á ári**. Leikskólagjöld fyrir tvö börn eru rúmlega **milljón krónur á ári**, að teknu tilliti til systkinaafsláttar.
 - Í Reykjavík kostar sams konar vistun 387 þúsund krónur á ári fyrir eitt barn en rúmlega 550 þúsund krónur fyrir tvö.
- **Barnabætur vega lítið upp á móti tekjuskerðingu** og kostnaði, en í þessu dæmi væru þær um 54 þúsund krónur á ári fyrir tvö börn undir sjö ára aldri.
- Loks má nefna að lágmarksorlof VR félaga eru 24 dagar á ári en leikskólar eru víða lokaðir 25-26 virka daga á ári. Þar að auki nýta margir foreldrar orlofið sitt í umönnunarbíl og lenda því í mínus þegar leikskólaganga hefst.

Víðtæk áhrif

- Langtímaáhrif núverandi kerfis eru margvísleg, ekki síst í tengslum við launamun kynjanna.
- Claudia Goldin hlaut nýverið Nóbelsverðlaun í hagfræði, m.a. fyrir rannsóknir á áhrif barneigna á atvinnuþátttöku kvenna.
- Konur eru líklegri til þess að taka sér hlé frá vinnu eða lækka starfshlutfall sitt til þess að brúa umönnunarbilið eða sinna fjölskyldu- og heimilisstörfum.
- Goldin sýndi að þetta misræmi leiði til þess að konur sem koma aftur inn á vinnumarkaðinn fái lægri laun en karlar og konur sem eignast ekki börn.
- Þetta kemur t.d. fram í frægri rannsókn Goldin, sem fylgdist með launapróun útskriftarhóps frá Chicago háskóla yfir fimmtán ára tímabil. Sams konar niðurstöður hafa fengist annars staðar, t.d. í Danmörku.

Hvað getum við gert?

- Ísland verður að brúa umönnunarbilið með aðkomu stjórnvalda – nauðsynlegt er að tryggja börnum leikskólapláss um leið og fæðingarorlofi lýkur.
- Hækka má tekjumark Fæðingarorlofssjóðs, stór hluti VR félaga fá innan við 80% af heildarlaunum sínum í fæðingarorlofi.
- Nauðsynlegt er að endurskoða hækkunar á leikskólagjöldum.
- Nauðsynlegt er að útvíkka almennan orlofsrétt – VR setur fram þá kröfu í komandi kjarasamningum að lágmarksorlof verði 30 dagar, að félagar ávinni sér orlofslaun í lögbundnu fæðingarorlofi og að hægt verði að nýta orlof yfir tveggja ára tímabil.

Tökum nú næstu hálfu öld í nýjum takti og í liði með börnum

Orðræðugreining á fjölmiðlaumfjöllun um leikskóla

Sunna Símonardóttir
Nýdoktor í félagsfræði
hjá Háskóla Íslands






„Tökum nú næstu hálfu öld í nýjum takti og í liði með börnum“: Orðræðugreining á fjölmiðlaumfjöllun um leikskóla

Sunna Símonardóttir

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Þróun umfjöllunar



Rannsóknin

Markmið rannsóknar: Að greina umfjöllun um leikskóla í íslenskum fjölmiðlum 2020-2023

Umfjöllun um heimgreiðslur fyrirferðarmikil

Til athugunar: Hvernig jarðvegur fyrir heimgreiðslur skapaðist á Íslandi á árunum 2020-2023 og birtingarmyndir þessa í íslenskum fjölmiðlum

Bakgrunnur

„Leikskólavandinn”

- Íslenskum börnum er ekki tryggð dagvistun að loknu 12 mánaða fæðingarorlofi
- Umönnunarbíl (kynjaðar afleiðingar)
- Loforð – vandamál

Heimgreiðslur á Norðurlöndunum

- Í langflestum tilvikum verið á stefnuskrá íhaldssamra flokka eða flokka hægra megin við miðju
- Fyrirvinnulíkan
- Ísland: hvert sveitarfélag fyrir sig getur tekið ákvörðun um hvort þær séu teknar upp og með hvaða hætti

Póstfemínismi og nýfrjálshyggja

- Einstaklingshyggjuviðhorf til jafnréttis
- Frelsi frá hefðbundnum kynhlutverkum

Gögn og aðferðir

- Fjölmiðlavaktin: Janúar 2020 – Apríl 2023 – Öll umfjöllun um heim(a)greiðslur í fjölmiðlum
- Orðræðugreining á 99 greinum
- Þemu til umfjöllunar í dag:
 1. Léttum álag á kerfið
 2. Besta fyrir börnin
 3. Ólíkar þarfir og val
 4. Hver nýtir heimgreiðslur?

Ár	Fjöldi greina
2020	9
2021	2
2022	60
2023 (janúar-Mars)	57

samtals 128

Niðurstöður – léttum álag á kerfið

Heimgreiðslur skapa pláss og rými fyrir eldri börn á leikskólanum og léttu þannig álagið á leikskólana:

„Neyðarstyrkir“ “bætur” “biðlistabætur”

„Heimagreiðslur myndu líka léttu mesta þungann af leikskólakerfinu“

„Heimgreiðsluúrræðið mun léttu á biðlistum“

Þögn um efnahagslegar forsendur/aðstæður foreldra.

„Sú lausn er ódýrari fyrir sveitarfélagið en dýrt leikskólapláss ef miðað er við yngstu börnin“

Niðurstöður – besta fyrir börnin

Tengslamyndun – óheppilegt eða skaðlegt að vera fjarri foreldrum:

„Óhætt er að segja að loforð um átta stunda leikskólavist frá 12 mánaða aldri er úr takti við allar rannsóknir og fræðigreinar um tengslamyndun barna við foreldra sína“

Pögn um fyrri útfærslur:

Styttra fæðingarorlof sama dagvistunarpörfin.

Niðurstöður – ólíkar þarfir og val

Mikilvægi valfrelsis – rímar við erlendar rannsóknir

Þarfir foreldra margbreytilegar og heimgreiðslur mikilvægur hluti af hlaðborði kosta þar sem hver og ein fjölskylda velur það sem hentar þeim best:

„En á meðan sumir foreldrar slást um leikskólaplássin myndu aðrir gjarnan vilja lengri tíma með barninu heima en eiga þess ekki kost“

„Fjölbreytni er mikilvæg. Stórar einingar, litlar einingar, dagforeldrar, einkareknir skólar og jafnvel heimgreiðslur til foreldra ættu allt að vera leiðir sem hægt er að fara í þessum efnum“

Þema sem hefur náð útbreiðslu – þögn um efnahagslegt, kynjað og félagslegt samhengi valsins.

Niðurstöður – hver nýtir heimgreiðslur? (þögn)

„Börn eiga rétt á að fá heimsins besta atlæti hvort sem það heima eða heiman og um það snýst málið. Fjölskyldan veitir slíkt atlæti **hvort sem það er mamman eða pabbinn eða amman eða afinn eða annað fólk** sem barnið er tengt tilfinningalega og gjörþekkir þarfir þeirra“

„Stór hluti þeirra myndi kjósa að hafa barnið lengur í umsjón fjölskyldunnar, bara ef það væri í boði fjárhagslega. **Þar með er ekki sagt að mamman myndi endilega vera heima, fjölmargir aðrir eru í nærhópi barnsins** sem myndu líka geta lagt hönd á plóginn“

„Í Hafnarfirði var opnað fyrir úrræðið í ársbyrjun, þegar hafa **foreldrar** hátt í hundrað barna nýtt sér það. Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir **foreldra** hafa tekið vel í úrræðið“

Allar erlendar rannsóknir sína fram á að það eru fyrst og fremst mæður sem þiggja heimgreiðslur og mæður með lágar tekjur, lágt menntunarstig og innflytjendabakgrunn eru líklegastar til þess að nýta þær (Ellingsæter, 2012).

„XXX [faðir] þæði ekki heimagreiðsluna sjálfur: „Nei, þá væri ég að tapa pening. Konan myndi kannski taka því““

Ályktanir – Jafnrétti vs lítil börn

Orðræða ákafrar mæðrunar birtist okkur víða þar sem hugtök eins og tengslamyndun, sem hingað til hefur verið skilgreind sem nokkuð áreynslulaus verður að einhverju sem þarf markvisst að vinna að:

„Góð og gagnleg umræða um fyrstu fimm ár barnsins hefur verið í samfélaginu þar sem bent hefur verið á mikilvægi þess að foreldrar verji meiri tíma með ungum börnum sínum og **vinni að** góðri tengslamyndun“

Fræðafólk hefur bent á að í núverandi ramma ákafs uppeldis eru börn skilgreind sem berskjölduð, laus við sjálfræði og þurfa aukna vernd á hinu opinbera sviði (Burman, 2016; Hoffman, 2010; Lareau, 2018; Wall, 2013).

Konur eru aftur á móti skilgreindar sem fyrirmyndarviðföng frjálshyggjunnar, loks lausar undan oki hefðbundinna kynhlutverka, eða hvað?

Ályktanir – Jafnrétti vs lítil börn

Átök og núningur er skapaður á milli ákveðinna þröngt skilgreindra hagsmuna barna og jafnréttishugsjóna:

„Við erum nú hálfri öld frá þeim stað þegar konur áttu ekkert val eftir að barn var komið í heiminn. Barátta okkar endaði hins vegar í hinum öfgunum, ekkert val nema senda barn að heiman og fara sjálf í vinnuna, vinnu sem er ekki alltaf vel launuð og spennandi þótt sé sárt að viðurkenna það. Áfram gakk, elsku fólk! Tökum nú næstu hálfu öld í nýjum takti og í liði með börnum“

Takk fyrir áheyrnina!

Þakkir:

- Rannsóknasjóður Rannís (228294) fyrir stuðning við rannsóknarverkefnið *Áhrif stefnumótunar og foreldramenningar á barneignir á Íslandi*. Markmiðið er að skoða fæðingartíðni og foreldramenningu á heildstæðan hátt með ólíkum rannsóknaraðferðum.
- Jónína Riedel meistaranemi í náms- og starfsráðgjöf fyrir að taka saman greinar, fréttir og pistla úr gögnum frá Fjölmíðlavaktinni.

Hvernig gengur?

Að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf

Kristín Heba Gísladóttir
Framkvæmdastjóri Vörðu –
rannsóknarsofnunar vinnumarkaðarins





VARÐA


Hvernig gengur?

Að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf


Markmið og aðferð

- Rannsókn styrkt af VOR (Vísindasjóði Orkuveitu Reykjavíkur) og er hluti af stærra rannsóknarverkefni
- Markmið verkefnisins:
 - Varpa ljósi á stöðu og getu foreldra til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf út frá kröfum atvinnulífs og skipulagi skólstarfs barna
- Framkvæmd könnunar:
 - Lögð fyrir í júlí og ágúst
 - Þjóðskrárártak
 - Úrtak: 1500
 - Svör: 306
 - Svarhlutfall: 20%
 - Úrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar
 - Úrtak: 3391
 - Svör: 776
 - Svarhlutfall: 27%


Hversu vel eða illa gengur fjölskyldunni að bregðast við frí- og starfsdögum í skólastarfi barna eftir kyni




Hversu vel eða illa gengur fjölskyldunni að bregðast við frí- og starfsdögum í skólastarfi barna eftir fjölskyldugerð




Hvernig er tekist á við frí- og starfsdaga í skólastarfi eftir kyni




Hver hefur frumkvæði að samskiptum við skóla eftir kyni




Við hvern hefur skóli samband ef eitthvað kemur upp á í skólastarfi hjá barni eftir kyni



Mikill eða lítill þrýstingur frá leikskóla að koma ekki með barn á leikskóla þrátt fyrir að hann sé opinn eftir kyni



Mikill eða lítill þrýstingur frá öðrum en leikskóla að koma ekki með barn á leikskóla þrátt fyrir að hann sé opinn eftir kyni



Pallborð

Heiða Björg Hilmisdóttir,
formaður stjórnar Sambands
Íslenskra sveitarfélaga

Arnaldur Grétarsson,
faðir

Maj-Britt Hjördís Briem,
lögmaður á vinnumarkaðssviði
Samtaka atvinnulífsins

Sigurður Sigurjónsson,
formaður Félags stjórnenda leikskóla



VR

Púsluspil foreldranna

Morgunverðarfundur VR - 23. nóvember kl. 9:00

